

Málsnr.: 217040151
Skjalasafn Ráðhúss

27. apríl 2017

Bréfalykill: 13310

KJARANEFND REYKJAVÍKURBORGAR

Borgarstjóri

og borgarráð Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 6. apríl 2017

Efni: Laun embættismanna Reykjavíkurborgar – umsagnarréttur- upplýsingar.

Kjaranefnd Reykjavíkurborgar ákvarðar laun embættismanna borgarinnar en laun þeirra eru þannig ákveðin að ekki skal vera um frekari greiðslur að ræða nema kjaranefnd úrskurði um það sérstaklega.

Í verklagsreglum nefndarinnar segir í grein 1.3: *Kjaranefnd skal fylgjast með ákvörðunum kjaranefndar ríkisins varðandi þau embætti sem höfð eru til viðmiðunar við ákvörðun kjara embættismanna Reykjavíkurborgar og tryggja að embættismenn borgarinnar njóti sambærilegra hækkan og embættismenn ríkisins. Einnig að endurskoða viðmiðin eftir þörfum.*

Þann 9. júní 2016 tók kjararáð almenna ákvörðun um 7,15% hækjun launa þeirra sem undir ráðið heyra frá og með 1. júní 2016 og hefur sú hækjun verið látin ná til embættismanna borgarinnar.

Þá tók kjararáð ákvarðanir um laun og starfskjör ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands þann 16. júní 2016 (ákvarðanir nr. 2016.4.005 og 2016.4.006).

Til grundvallar þessum ákvörðunum kjararáðs var litið til þeirra breytinga sem hafa orðið á starfssviði og á lagi frá því að kjaranefnd/kjararáð ákvað þessum hópum sérstaklega laun síðast.

Kjaranefnd Reykjavíkurborgar hefur ákveðið að taka laun þeirra embættismanna Reykjavíkurborgar sem undir nefndina heyra til skoðunar með tilliti til ofangreindra ákvarðana og meta breytingar á starfssviði og á lagi sbr. grein 1.3. í verklagsreglum nefndarinnar.

Af þessu tilefni og með vísan til verklagsreglna kjaranefndar svo og til 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er borgarstjóra og borgarráði Reykjavíkurborgar, hér með gefinn kostur á að koma gögnum, athugasemdum og ábendingum vegna starfa embættismanna Reykjavíkurborgar á framfæri við nefndina.

Sérstaklega er óskað eftir upplýsingum um mögulegar breytingar á starfssviði og á lagi hjá embættismönnum Reykjavíkurborgar.

Þá er jafnframt gefið tækifæri til að koma á framfæri upplýsingum og sjónarmiðum um innbyrðis samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem gegna störfum sambærilegum störfum embættismanna Reykjavíkurborgar með tilliti til starfssviðs og ábyrgðar.

Óskað er eftir að umsögn og upplýsingar berist kjaranefnd í síðasta lagi tveimur vikum frá dagsetningu þessa bréfs og verði sendar með rafrænum hætti á póstfangið kjaranefnd@reykjavik.is.

Fyrir hönd kjaranefndar Reykjavíkurborgar
Auður Lilja Erlingsdóttir, starfsmaður kjaranefndar